

## Fundur í skóla- og fræðslunefnd haldinn í Laugargerði 6. nóv.2012 kl. 14:00

Mættir eru: Eggert Kjartansson, Guðríður Pétursdóttir, Katrín Gísladóttir, Sigurður Jónsson kennari og Kristín Björk skólastjóri. Hulda og Sigríður boðuð forföll.

- Eggert setur fund og býður fundarmenn velkomna.
- Kristín Björk fer yfir sjálfsmatsskýrslu, rennt yfir áætlanir sem eru til í handbók en enn vantar nánari útlitun á nýrri námsskrá. Nefndin hefur engar athugasemdir og skoðast hún því samþykkt.
- Skoðaðar voru á niðurstöður úr samræmdum prófum 2005-2010, einnig var minnst á velgengni krakka í félagsstörfum og öðrum þáttum sem ekki eru metin sérstaklega í kerfinu.
- Kristín og Eggert höfðu farið á fund með Valgarði, Guðbjarti og Sigrúnu í lok október. Guðbjartur hafði beðið Ásthildi Sturludóttur að fara yfir rekstur skólans til að reyna að finna leiðir til sparnaðar. Bent var á að þar voru gögnin um skólareksturinn talin með öllum rekstri húsa (hótels) og leikskóla en deilt á skólanemendum. Farið var fram á að bókhaldinu yrði skipt upp og skoðað á réttum forsendum miðað við aðra skóla. Kristín hefur óskað eftir fundi með sveitarstjórn til að fara yfir bókhaldið og skiptingu þess og fl.

Nefndin óskar eftir að farið verði í bókhaldsgögnin og þeim skipt upp eftir húsum annars vegar og skólastarfi hins vegar og deilt í með öllum nemendum frá leikskóla og upp úr þannig að hægt verði að bera saman kostnað við skólastarfið með eðlilegum hætti við aðra skóla.

Mjög mikilvægt er að mati nefndarinnar að allir sem koma að skólanum vinni að málefnum hans í samvinnu. Nefndin er ávalt tilbúin að koma að allri þeirri vinnu sem til þarf til að svo megi verða. Leggur nefndin t.d. til að unnið verði að betra flæði milli skólans / fræðslunefndar og hreppsnefndar.

- Önnur mál: Skólastjóri vill þakka Múlavirkjun ehf fyrir styrk sem veittur var til kaupa á húsgögnum í leik og grunnskóla. Nú er búið að endurnýja borð og stóla fyrir öll grunnskólabörnin sem eru í skólanum í dag.
- Fundi slitið

Katrín Gísladóttir